

050/01 - Aðalbjörg RE 5

Aðalbjörg RE-5, skipverji klemmist við að taka dragnót

Aðalbjörg RE 5

Skipaskr.nr.: 1755

Smíðaður: Seyðisfirði 1987 Stál

Stærð: 59,30 brl; 68,00 bt

Lengd: 21,99 m **Breidd:** 5,00 m **Dýpt:** 2,70 m

Vél: Caterpillar 339,00 kW **Ágerð:** 1997

Annað:

Földi skipverja: 7

www.skerpla.is



Atvikalýsing

Þann 22. maí 2001 var m.b. Aðalbjörg RE-5 að veiðum með dragnót um 10 sml. SV af Grindavík.

Verið var að taka voðina inn og var klafinn kominn í blökk. Einn skipverji var við blökkina stjórnborðsmeginn á skut. Skipverjinn var með hægri hendi á keðju, sem liggur úr klafanum í vír, til að snúa ofan af, snúningi, sem oft vill koma á. Þá var híft aftur í tógið því það er ávallt haft strekkt í blökkinni á meðan skverað er. Hægri hendi skipverjans lenti inní blökkinni. Kallað var til skipstjóra um hvernig komið var. Slakaði hann aftur á tóginu þá losnaði höndin. Kom þá í ljós að baugfingur handarinnar hafði skaddast. Skipverjinn fór til læknis þegar komið var til hafnar í Grindavík þann sama dag.

Við rannsókn kom fram

- að skipverjinn tók utanum keðju við klafann til að snúa ofan af henni;
- að híft var á sama tíma í tógið til að strekkja á því í skveringu;
- að baugfingur hægri handar lenti undir keðjunni í blökkinni.

Nefndarálit

Nefndin áyktar ekki í málinu.